

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

## FUNDARGERÐ

### 37. FUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 17. október kl. 8:30, var haldinn 37. fundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

#### Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Eiríkur Valgeir Scott, Kjartan Geir Karlsson, Sigurdís Samúelsdóttir og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 37. fund sveitarstjórnar

*Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.*

*Sveitarstjórn leggur til að samið verði við Ískalk, með aðkomu Vegagerðarinnar, um hvernig verði staðið að útsetningu efnis í lóð Ískalks á landfyllingu við Langeyri. Miðað verði við þá hæðarkóta sem fyrir liggja og skoðaðar verði þær hugmyndir sem fram hafa komið um endanlega hæð undir byggingar.*

*Sveitarstjórn felur lögmanni að fylgja eftir þeim málum sem rekin hafa verið vegna úrskurða Óbyggðanefndar og dómum héraðsdóms.*

2. Erindi til kynningar og umsagnar:

a. Fundargerð 71. og 72. fundar stjórnar Vestfjarðastofu

b. Fundargerð Fjórðungssambands Vestfirðinga dags. 19.8.2025

c. 153 mál – þingskjal 159 frá 157. Löggjafarþingi 2025-2026 veiðistjórn grásleppu

d. 81. mál – þingskjal 81 frá 157. Löggjafarþingi 2025-2026 fjöldi fulltrúa sveitarstjórn Framangreint lagt fram til kynningar.

3. Tillaga um svæðisbundið farsældarráð Vestfjarða – erindi dags. 9.10.2025

*Súðavíkurhreppur samþykkir samning um svæðisbundið farsældarráð og skipurit. Sveitarstjórn óskar eftir kynningu farsældarfulltrúa fyrir sveitarstjórn.*

4. Fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2026 – fyrri umræða

*Fyrri umræðu verði fram haldið á áukafundi í byrjun nóvember.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:40

*Bragi Þór Thoroddsen*

Bragi Þór Thoroddsen

*Sigurdís Samúelsdóttir*

Sigurdís Samúelsdóttir

*Eiríkur Valgeir Scott*

Eiríkur Valgeir Scott

*Kjartan Geir Karlsson*

Kjartan Geir Karlsson

*Kristján Rúnar Kristjánsson*

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti